

króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali, og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Ernst Langer, greiði 1.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 179/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

William Spearpoint (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Alþjóðalög.
Ómerking og frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, og meðdómendurnir Rögnvaldur Jónsson og Kristján H. Jónsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staði togara ákærða, Wyre Vanguard, FD 36, kl. 2359 hinn 20. september 1964 og kl. 0005 21. s. m. Markaði hann þessa staði togarans samkvæmt mælingum varðskipsmanna, en reikn-

aði „með 1½% fjarlægðarskekkju, miðað við 12 sml. fjarlægðarkvarða, ákærða í vil“. Í álitserð skólastjórans, sem er dags. 18. desember 1964, segir enn fremur svo: „Skekkja sú, sem hér er reiknað með, er miðuð við fjarlægðarnákvæmni, sem framleiðendur ratsjártækis þess, er mælingarnar voru gerðar á, gefa upp fyrir föstu fjarlægðarhringana, en samkvæmt framburði skipherra Óðins var færanglegi fjarlægðarhringurinn nákvæmlega samstilltur þeim föstu, áður en mælingar voru gerðar“. Staður togarans kl. 2359 mældist samkvæmt reikningi skólastjórans vera 0.3 sm innan fiskveiðimarkanna, en kl. 0005 um 0.1 sm utan þeirra.

Varðskipsmenn sendu togara ákærða stöðvunarmerkið K með ljósmorsi kl. 0002, en staðarákvörðun togarans var þá ekki gerð. Næsta staðarákvörðun var gerð kl. 0005, en þá var staður togarans samkvæmt framangreindri mörkun skólastjórans fyrir utan fiskveiðimörkin. Þykir vera slík óvissa um stað togarans kl. 0002, að eigi sé sannað, að hann hafi þá verið innan fiskveiðimarka. Taka togarans utan fiskveiðimarka veitir eigi, að svo búnu, að þjóðarétti íslenzkum dómstólum dómsöguvald í máli ákærða. Samkvæmt þessu verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá dómstólum.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá dómstólum.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 23. september 1964.

Ákærður er William Spearpoint, skipstjóri á brezka togaranum Wyre Vanguard, FD 36, frá Fleetwood, til heimilis að 44 Cambridge Road, Fleetwood, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á nefndum togara úti af Barða aðfaranótt mánudagsins 21. september 1964 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, William Spearpoint, er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 14. júlí 1938 í Fleetwood, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Verjandi krafðist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og sér yrðu dæmd hæfileg málsvarnarlaun, hvernig sem málið færi.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 20. september 1964, er varðskipið Óðinn var á útleið í Önundarfirði til gæzlustarfa, sáust tvö skip í ratsjónni, er virtust vera grunsamlega nærri landi. Reyndist síðar annað þeirra vera brezki togarinn Wyre Vanguard, FD 36, frá Fleetwood, og voru þessar staðarákvarðanir gerðar á skipinu:

1. Kl. 2343: Kantur Hrafnaskálarnúps, fjarlægð 2.25 sm
 Stytzt í landið að N-verðu — 1.5 —
 Togari r/v 306° — 10.3 —

Gefur þessi mæling stað togarans um 1.8 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

2. Kl. 2347: Göltur fjarlægð 4.4 sm
 Barði, N-kantur — 2.25 —
 Togari r/v 306° — — 9.4 —

Gefur þessi mæling stað togarans 1.4 sjómíkur innan fiskveiðitakmarkanna.

3. Kl. 2353: Göltur,	fjarlægð	5.5 sm
Barði, N-kantur	—	3.4 —
Togari r/v 307.5°	—	8.0 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.1 sm innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2356 var dregið upp flaggstöðvunarmerkið „K“.

4. Kl. 2359: Göltur,	fjarlægð	6.9 sm
Barði, N-kantur	—	5.0 —
Togari r/v 310°	—	6.6 —

Samkvæmt þessari mælingu var togarinn um 0.7 sm innan fiskveiðimarkanna.

Mánudaginn 21. september kl. 0002 var gefið stöðvunarmerkið „K“ með ljósmorsi.

5. Kl. 0005 var þessi staðarákvörðun:

Göltur,	fjarlægð	8.4 sm
Barði, N-kantur	—	6.6 —
Togari r/v 313°	—	5.25 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.3 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

Um leið var skotið púðurskoti í átt til togarans.

Kl. 0015 var aftur skotið lausaskoti.

6. Kl. 0019 var þessi staðarákvörðun:

Barði, N-kantur,	fjarlægð	10.7 sm
Stigi	—	14.5 —
Togari r/v 314°	—	2.0 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.5 sm utan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0026 var enn skotið lausu skoti, og um svipað leyti sást, að togarinn var Wyre Vanguard, FD 36, og að hann var að toga með stjórnborðsvörpu.

7. Kl. 0029.5 var þessi staðarákvörðun gerð við hlið togarans:

Stigi,	fjarlægð	16.7 sm
Barði,	—	13.4 —
Dýpi 80 metrar.		

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.3 sm utan fiskveiðitakmarkanna.

Var nú kallað yfir í togarann og honum skipað að nema staðar og draga inn vörpuna. Kvaðst skipstjóri skyldi gera það, en hélt samt áfram að toga.

Kl. 0033 var bátur varðskipsins settur á flot, og var 2. stýrimaður og háseti fluttir um borð í togarann. Voru skipstjóra

gefin fyrirmæli um að bíða á staðnum, þangað til varðskipið skipaði honum að sigla í landvar. Báturinn varð að leggja að togaranum, meðan hann var enn á ferð. Var hann þá að byrja að draga inn vörpuna.

Kl. 0044 kom báturinn aftur að varðskipinu.

Kl. 0123 voru ákærða gefin fyrirmæli um að halda inn í mynni Önundarfjarðar með varðskipinu, og var þá þegar haldið af stað.

Kl. 0230 var numið staðar í Önundarfirði og ákærði sóttur. Var honum tilkynnt, að hann væri kærður fyrir meintar ólöglegar veiðar innan 12 sm fiskveiðimarkanna. Viðurkenndi hann, að hann hefði verið fyrir innan fiskveiðitakmörkin vegna vélarbilunar, en hann hefði kastað vörpunni kl. 0110 eftir brezkum sumartíma í 12.8 sm fjarlægð frá Barða.

Var nú ákærða tilkynnt, að hann yrði að koma með varðskipinu til Ísafjarðar til nánari rannsóknar. Kl. 0400 var haldið áleiðis til Ísafjarðar og komið þangað kl. 0633.

Veður var: A — 5, sjór A — 5, skýjað.

Staðarákvarðanir voru gerðar af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjón skipherra.

Mælingar voru gerðar með Kelvin Hughes ratsjá og Sperry-Gýró áttavita.

Í dómi eiðfestu yfirmenn varðskipsins vætti sitt.

Í dómi báru þeir og vitni um, að þeir hefðu ekki séð togarann að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en höfðu talið, að svo væri, sökum þess að mælingarnar sýndu, að hann var á togferð. Einnig kvaðst 2. stýrimaður hafa veitt því athygli, að togarinn hafði togljós uppi. Jafnframt skýrði hann frá því, að um 12 körfur af fiski hefðu verið í vörpunni, þegar hún var dregin inn. Fyrsti stýrimaður varðskipsins skýrði frá því, að toghraði væri 3—4 sm eftir aðstæðum og vélarorku. Skipstjóri bar í dómi, að klukkur varðskipsins og togarans hefðu ekki verið bornar saman.

Ákærði skýrði frá því fyrir dómi, að vélarbilunar hefði orðið fyrst vart kl. 11 og hafi hann þá siglt inn fyrir fiskveiðitakmörkin, en búlkað veiðarfærin áður. Hafi hann verið að hugsa um að fara til Ísafjarðar til viðgerðar. Hann kveðst ekki hafa haft uppi nein merki, sem hefðu sýnt vélarbilun, og kemur það heim við vætti varðskipsmanna. Klukkan um 25 mínútum fyrir eitt eftir brezkum sumartíma, kvaðst hann hafa siglt út með hægri ferð, á um 4—5 sm hraða vegna vélarbilunarinnar. Þó kvaðst hann mundu hafa getað farið hraðar, en ekki á fullri ferð.

Ákærði kvaðst hafa kastað vörpunni kl. 0110 eftir brezkum sumartíma og hefði hann þá verið í 12.8 sm fjarlægð frá Barða í misvísandi NNV og hefði hann þá verið 0.8 sm utan fiskveiðimarkanna. Ákærði kvaðst hafa numið staðar í 10—12 mínútur, þegar hann kastaði vörpunni, en kvaðst síðan hafa siglt í sömu stefnu og áður, þar sem ekki var þörf á að breyta um stefnu, sökum þess að vindur stóð þvert á skipið. Síðan tók hann fram til frekari skýringar, að á þeim tíu til tólf mínútum, sem hann nam staðar, hefði hann losað veiðarfærin úr búlkum, kastað vörpunni og hún sokkið til botns. Ákærði skýrði frá því, að toghraði skips hans væri um 3 sm og gæti ekki náð 4 sm. Hann kvaðst hafa séð stöðvunarmerki Óðins og heyrt skotin, en ekki talið ástæðu til að nema staðar, þar sem hann hafi verið utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði kvaðst ekki hafa borið saman klukkur togarans og varðskipsins.

Bátsmaður togarans, Alexander Taylor, kom í dóm, og var vætti hans á þá lund, að hann hafi verið á verði, er vörpunni hefði verið kastað. Þegar klukkan var 10—15 mínútur yfir eitt eftir brezkum sumartíma, kvaðst hann hafa verið kominn úr hlífðarfötunum og upp á stjórnpall, en vera kynni þó, að hún hefði verið orðin 15—20 mínútur yfir eitt. Sagði hann, að ekki hefði verið breytt um stefnu, þegar vörpunni var kastað. Taldi hann, að skipið mundi hafa legið um kyrrt í 10—13 mínútur, meðan verið var að kasta vörpunni, en ekki kvaðst hann vita, hve lengi var togað. Toghraða skipsins taldi hann vera 2—2½ sm, en kvaðst þó ekki vita það með nákvæmni. Hann skýrði frá því, að veiðarfæri hefðu verið búlkuð og hlerar innanborðs, á meðan skipið var innan fiskveiðimarkanna vegna vélarbilunarinnar.

Vitnið eiðfesti vætti sitt.

Fyrsti vélstjóri togarans, Thomas Snape, kom í dóm.

Kvaðst hann fyrst hafa orðið var við bilun á vél rétt fyrir kl. 11. Kvaðst hann hafa komiðt að raun um, að bilunin hafi verið í ventli, sem var fastur vegna sótunar. Taldi hann, að tekið hefði um 1—1½ klukkustund að gera við bilunina, en tímaákvörðunin sé samt ágizkun. Vitnið skýrði frá því, að vörpunni hefði verið kastað um 10 mínútum yfir klukkan 0100 eftir brezkum sumartíma, og hefði þá verið lokið viðgerð á ventlinum. Vitnið kvaðst halda, að toghraði skipsins væri um 4 sm, en hann væri ekki viss um það.

Vitnið eiðfesti vætti sitt.

Varðskipið gaf ákærða kl. 0002 ljósmerkið K um að nema staðar. Kl. 0005 var togarinn samkvæmt staðarákvörðun varðskipsins 0.3 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna. Ef tekið er tillit til hugsanlegrar skekkju á ratsjá varðskipsins, sem viðurkennd er af framleiðendum slíkra tækja, verður að telja sannað, að togarinn hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna, þegar honum var gefið merki um að nema staðar, og þannig hafi verið gætt alþjóðareglu um eftirför eftir erlendum skipum úr fiskveiðilandhelgi út á úthafið.

Í máli þessu verða staðarákvarðanir varðskipsins lagðar til grundvallar.

Skýrsla ákærða um það, að hann hafi kastað vörpunni um 0.8 sm utan fiskveiðitakmarkanna um kl. 0110 eða um kl. 0010—0020 samkvæmt íslenskum tíma, virðist röng, þegar hún er borin saman við vætti yfirmanna varðskipsins. Dómurinn verður að telja, að svo miklar líkur séu fyrir því, að ákærði hafi verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, að telja verði nægilega sannað, að hann hafi verið að ólöglegum veiðum á þeim slóðum og tíma, sem greinir í skýrslu yfirmanna varðskipsins.

Verður því niðurstaða dómsins sú, að sakfella beri ákærða.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem greind eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem talin eru í ákæru, og með tilliti til stærðar togarans, 337.86 brúttósmálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 260.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Wyre Vanguard, FD 36, vera upptæk handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísli G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, William Spearpoint, greiði 260.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, tog-

arans Wyre Vanguard, FD 36, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr. 8.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 48/1965. **Ásmundur S. Jóhannsson**

gegn

**Híbýlaprýði h/f, Emil Hjartarsyni og
Jóni Bjarnasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1965 og krafizt þess, að dómi héraðsdóms verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerðir.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.